



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGOÐINN

Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Upplestur til sigurs
- Könnun um líðan
- Stærðfræðikeppni Flensborgarskólans
- Stórkostlegir menningardagar
- Enginn hjálmur—ekkert hjól
- Kóramót Hafnarfjarðar
- Aðalfundur foreldrafélagsins
- Bókasafnið

Upplestur til sigurs í Hafnarborg



**Aðalfundur
Foreldrafélagsins**

**fimmtudaginn
29. apríl**

Hanna Lind Sigurjónsdóttir nemandi í Álfaheimum sigraði í Stóru Upplestrarkeppninni á lokahátíð í Hafnarborg í marsmánuði.

GÓÐI segir:

Alls tóku 18 nemendur úr öllum grunnskólum Hafnarfjarðar og Álftanesskóla þátt í lokahátíðinni og voru Hanna Lind og Silja Rós Pétursdóttur sem einnig er í Álfaheimum, fulltrúar Áslandsskóla.



*Hugsa um það helzt og fremst,
sem heiðurinn má næra.
Aldrei sá til æru kemst,
sem ekkert gott vill læra.*

Stúlkurnar stóðu sig báðar frábærlega vel og voru skólanum til mikils sóma. Lásu þær texta sinn og ljóð fumlaust, skýrt og einstaklega tært og fallega.

Þegar dómarmar höfðu ráðið ráðum sínum kom síðan í ljós að Hanna Lind stóð uppi sem sigurvegari. Þetta er í annað sinn sem Áslandsskóli á sigurvegara í keppninni en Ásta Margrét Eiríksdóttir sigraði í keppninni fyrir fjórum árum síðan.

Flórgoðinn er fréttablað Áslandsskóla.

Útgáfa blaðsins er rafræn og tölublað má einnig finna á vefsetri skólans www.aslandsskoli.is

Kóramót Hafnarfjarðar

Áslandsskóla kórarinn tóku þátt í Barnakóramóti Hafnarfjarðar sem haldið var þann 20. mars í Víðistaðakirkju. Aldrei áður hafa þátttakendur verið eins margir, en rúmlega 1000 börn voru mætt í kirkjuna þennan dag.

Yngri kór skólans söng tvö lög á tónleikum kl. 14:00 Valdi karlinn og Mamma Pakita og síðan Þúsaldarljóð sameiginlega með öllum kórnum. Eldri kórinn söng Maistjörnuma og Kvæðið um fuglana á tónleikunum kl. 17:00 og síðan Smávinir fagrir, Barnagæla og Lofsönginn sameiginlega með hinum kórnum.

Mótið tókst mjög vel í alla staði og gaman var hversu margir gestir mættu á tónleikana hjá kórnum. Krakkarnir okkar stóðu sig mjög vel og voru skólanum til mikils sóma. Kórstjóri er Dána Ívarsdóttir og undirleikari á tónleikunum var Hlökkver Smári Haraldsson.

Flottir krakkar í flottum kór



Stórkostlegir menningardagar

Menningarvika í Áslandsskóla SPOR Á JÖRÐU lukkaðist með eindæmum vel í ár.

Á föstudegi í lok vikunnar, nánar tiltekið 19. mars, komu allir nemendur og starfsmenn skólans saman á sal til að fagna afrakstrinum. Þar voru nokkur atriði á sviði, atriði sem voru á dagskránni á menningarhátíð gærdagsins.

Geysileg aðsókn var allan menningardaginn og voru bílastæði yfirfull. Gestir létu kræsingar og þjónustulund elstu nemendanna heldur ekki framhjá sér fara á Café Ásland á efri hæðinni. Þaðan fóru margir mettir. Bros var á hverju andliti.

Allir bekkir skólans fengu bláan fugl í viðurkenningarskyni fyrir að gera menningarvikuna framúrskarandi vel.

Ég vil óska nemendum og starfsfólki öllu til hamingju með frábæra frammistöðu.

Á vef skólans gefur að líta mikið efni frá menningardögum, bæði myndir og texta. Smellið á **menningardagar 2010** vinstra megin á forsíðu á vefnum okkar.

Enginn hjálmur Ekkert hjól

Framundan er vorið og sumarið með aukinni útivist og hreyfingu hjá mörgum. Reiðhjólin líta aftur dagsins ljós og þá er mikilvægt að muna eftir hjálmnum. Hann er gríðarlega mikilvægt öryggistæki og því rétt að fara hvergi án hans.

Börnum yngri en 15 ára er skylt að nota hjálm við hjólreiðar og að sjálfsgöðu ættu allir að nota hjálm og foreldrar að vera fyrirmynd barna sinna! Hjálminn skal líka nota þegar farið er á hlaupahjól og línuskauta.

Mikilvægt er að nota hjálminn rétt og fara reglulega yfir stillingar á böndum. Þá þarf að endurnýja hann ef hann er kominn til ára sinna eða hefur orðið fyrir hnjaski.

Hjálmurinn á að verja enni, hnakka, gagnaugu og koll. Eyrað á að vera í miðjunni á V-forminu sem böndin mynda.

Einn eða tveir fingur eiga að komast á milli höfuðbandsins og hokunnar. Algengt er að hjálmur sé of stór, of lítill, of laus eða of aftarlega á höfðinu. Þannig er hann ekki nógu örugg vörn.

Brýnið fyrir börnunum að taka hjálminn af sér við leik!

Munið: Börnum yngri en 15 ára er skylt að nota hjálm á reiðhjóli.

Sumarkveðja

BÓKASAFNIÐ

Þar er mikið af bókum, besta bókasafn í heimi og skemmtilegt að vera þar inni. Guðrún á bókasafninu er svo dugleg að lesa bækur fyrir okkur. Þar eru skemmtilegar bækur og skemmtilegt hvernig hún Guðrún veit hvaða bækur við tökum. Hún er svo skemmtileg og góð. Þar eru líka púðar, spil, spólur og myndir allskonar.

Krakkarnir í 1. bekk í Töfraheimum

Könnun um líðan Vor 2010—Helstu niðurstöður

Helstu niðurstöður, 1.-3. bekkur

94% nemenda líður vel eða allt í lagi í frímínútum
98% líður vel eða allt í lagi í kennslustundum
97% nemenda líður vel eða allt í lagi í íþróttum
84% nemenda líður vel í sundi og 12% allt í lagi
55% nemenda líður vel í búningsklefa íþróttu, 36% allt í lagi, 10% illa
84% líður vel búningsklefa í sundi, 12% allt í lagi og 3% illa

Helstu niðurstöður, 4.-6. bekkur

82% finnst alltaf eða oft gaman í skólanum, 16% stundum
46% finnst frímínútur alltaf skemmtilegar, 41% finnst oft gaman
52% líður alltaf vel í bekknum sínum, 37% oft, 9% stundum
60% segja alltaf eða oft góðan vinnufrið, 40% stundum
95% segja kennarinn sinn alltaf eða oft sanngjarnan
83% segja að kennarinn sinn myndi alltaf stöðva stríðni eða einelti
79% finnst alltaf rétt að hlýða kennaranum sínum
83% segjast aldrei kvíða að fara í skólann, 12% stundum
68% myndu alltaf eða oft stöðva stríðni/slagsmál þegar þeir gætu

Hvar fer stríðni fram?

40% segja alltaf eða oft í frímínútum
Annars er hæsta prósentan við stríðnistaði á facebook.

Helstu niðurstöður, 7.-10. bekkur

66% finnst alltaf eða oft gaman í skólanum, 29% stundum
37% finnst frímínútur alltaf skemmtilegar, 49% finnst oft gaman
50% líður alltaf vel í bekknum sínum, 38% oft, 13% stundum
67% segja alltaf eða oft góðan vinnufrið, 31% stundum
79% segja kennarinn sinn alltaf eða oft sanngjarnan
78% segja að kennarinn sinn myndi alltaf stöðva stríðni eða einelti
60% finnst alltaf rétt að hlýða kennaranum sínum
76% segjast aldrei kvíða að fara í skólann, 20% stundum
53% myndu alltaf eða oft stöðva stríðni/slagsmál þegar þeir gætu

Hvar fer stríðni fram?

33% segja alltaf eða oft í frímínútum
Annars er hæsta prósentan við stríðnistaði á facebook.



Stærðfræðikeppni

Flensborgarskólinn í Hafnarfirði hefur undanfarin ár haldið stærðfræðikeppni fyrir nemendur í unglingsdeildum grunnskólanna í Hafnarfirði.

Áslandsskóli hefur tekið þátt í nokkur ár og nemendur frá okkur ávallt staðið sig með miklum sóma. Viðurkenningar voru veittar á dögnum fyrir keppnina sem fram fór 10. mars.

Eftirtaldir nemendur Áslandsskóla hlutu sérstaka viðurkenningu:

8. bekkur: Hlynur Þór Pétursson (9. sæti), Ásdís Lilja Oddsdóttir (4. sæti) og Jóna Elísabet Sturludóttir (2. sæti)

9. bekkur: Kristín Björg Bergþórsdóttir (5. sæti)

10. bekkur: Pétur Már Gíslason (9. sæti) og Stefán Grétar Hallgrímsson (6.-7. sæti)

Óskum við ofantöldum nemendum til hamingju með framúrskarandi árangur sem eflaust hvetur þau til frekar dæða á sviði stærðfræðinnar.

Aðalfundur foreldrafélagsins

Foreldrafélag Áslandsskóla boðar til **AÐALFUNDAR** fimmtudaginn 29. apríl kl. 20:00 á sal skólans.

Á fundinum verða tekin fyrir almenn aðalfundarstörf. Jafnframt verður boðið uppá létt og skemmtilegt erindi.

Fundurinn er opinn foreldrum allra barna í Áslandsskóla sem og foreldrum barna sem hefja nám við skólann á haustönn 2010.

Nánar auglýst síðar.

Frá foreldrafélagi Áslandsskóla

Tilgangur Foreldrafélags Áslandsskóla er að efla foreldrasamstarf, vera sameiginlegur vettvangur samskipta og efla tengsl foreldra. Við trúum því að með virkri þátttöku foreldra verði frammistaða nemenda betri, sjálfstraust þeirra meira og viðhorf jákvæðara.



Kríuási 1
221 Hafnarfirði
Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is
aslandsskoli@aslandsskoli.is

www.aslandsskoli.is

FLÓRGÓÐINN

Fréttablað Áslandsskóla

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

Leifur S. Garðarsson
skólastjóri